

Truenorth Ísland ehf
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100056/mik

Efni: Kvikmyndataka við Hofmannsflöt á Djúpavatnsleið innan Reykjanesfólkvangs.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi True North, dags. 7. nóvember 2014, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Hofmannsflöt á Djúpavatnsleið innan Reykjanesfólkvangs 14. nóvember 2014 vegna auglýsingar fyrir MacMillen.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: um er að ræða auglýsingartöku fyrir samtök sem styrkja krabbameinssjúklinga. Verið er að mynda leikkonu labbar yfir graslendi og hugsanlega mosa í þoku. Staðsetja þarf 2 menn með reykvélar á grasflötinni en nánari staðsetning þeirra fer eftir vindátt. Aðrir í tökuliðinu sem þurfa að vera á tökustað verða staðsettir á vegi. Öll aðstaða fyrir starfsfólk, rúta, trukkur, eldhús og bílar verða á vegi eða við litla námu sem er hinu megin við vegin frá Alexandersnámu. Ef veður verður með þeim hætti að ekki er hægt að taka upp við Hofmannsflöt þá flytjast tökurnar í námuna. Að tökunum koma 45 manns en ekki munu allir verða á sjálfbum tökustaðnum.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefjast og þegar frágangi líkur.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Samþykki landeigenda fáist fyrir kvikmyndatökunum.
5. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin.
6. Þar sem tökulið þarf að vera staðsett utan vegar skal setja út palla/mottur til að hlífa gróðri ef þörf er á og/eða eftirlitsaðili metur að þess þurfi.
7. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.

8. Óheimilt er að trusla dýralíf.
9. True North skal kynna fyrir starfsfólki kvíkmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
10. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
11. Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvíkmyndatökunum, undirbúningi þeirra og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllst

Pórdís V. Bragadóttir

Pórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

